

# HÖNNUN

## húsgögn & innréttingar

### MEMPHIS

Ný stefna í  
hönnun

**KOGGA og MAGNÚS**

Rætt við listafólkið  
og munir þeirra  
skoðaðir

Nýjar hugmyndir um eldhús  
Litir, skraut og lífsgleði  
Lýsing nútímans

ÚR HÖNNUN  
1. Töl. 1. Árg. Hausti 1987

TRAUÐI VALSSON:


# LITIR SKRAUT OG LÍFSGLEÐI

A flestum tímaskeiðum veraldarsögunnar hefur litauðug skreytilist verið ríkur þáttur í hönnun bygginga, húsgagna og nytjamuna. Þó eru til tímabil undantekninga svo sem miðaldamyrrkur Evrópu.

Á fyrstu sex öldum eftir Krist hjálpuðu austræn áhrif að lyfta Rómverjum í menningarlegar hæðir, en um leið fór þeim að standa stuggur af of miklum íslömskum áhrifum. Um viðbrögð Rómverja við innrás villtra Germana frá norðri segir Listasaga Fjölvá svo: „Þeir kusu heldur Miðaldir yfir sig (sem sigldu í kjölfar Germanana) og hjálpuðu Germönnum til að hrekja hina austrænu óvini á flótta“ (ll. b. bls.

Vll). Hinu algera hruni Evrópskra borga og menningar, þegar germönsku þjóðflokkarnir lögðu undir sig suður hluta álfunnar, lýsir Listasagan með eftirfarandi dæmi: „Hrun borganna á Vesturlöndum fól í sér geigvænlega þjóðfélagsbyltingu og gefur Rómarborg sláandi dæmi um það. Á stórveldistíma keisaranna hafði íbúatala hennar komist upp í 1 1/2 milljón, nú hrapaði hún niður í 30 þús. og var þó stærsta borg á Vesturlöndum.“

Það er kunnara en frá þarf að segja að lítið var um menningu, skreytilist og liti í miðaldamyrrkrinu. Margir fræðimenn álíta að það sé ekki síst vegna áframhaldandi tengsla



Móðernistarnir reyndu að afsaka afneitun sína á skrauti sem nytjalausu. Þetta er þó ekki rétt því eins og við sjáum á myndinni að ofan, myndar skrautið skugga og veitir rigningarvatni í farvegi. -Og er það líka ekki til nokkurra nota ef byggingin verður fallettri fyrir bragðið ?




*Þessi mynd sýnir að notkun skrautlegra forma þarf ekki að leiða til þess að hönnunin líti gamaldags út. Það er þó algeng röksemdarfærsla hjá modernistum að skraut geti ekki átt við í nútímanum. -Myndin sýnir móttökusal byggingarfyrirtækis í Bandaríkjunum.*


Norðurlanda við Austurlönd (fyrst og fremst Miklagarð, Býzans) eftir stórflijóttum Rússlands, að baki Evrópu Miðaldanna, sem list og skreytilist náði að blómgast þar. Halldór Laxness lýsir þessum áhrifum svo í Sjálfsagðir hlutir: „Þjóðsagnafræðingar og lærðir menn í bókmenntum kunna að rekja uppruna ýmissa norrænna efna, sagna og fyrirmynda til Austurlanda, jafnvel alla leið til Indlands og eru sum það gömul að þau eru fráleitt kominn yfir Vestur-Evrópu. . .“ Halldór heldur síðan áfram um Austurlensk áhrif í handverki: „Aðferðir og skraut ýmiskonar í silfursmíði hjá Noregsmönnum og Íslendingum

virðist standa í beinum teingslum við austræn vinnubrögð. Indverskt víravirki er nær hinu íslenska en bæði norskt og ítalskt, í rauninni sama vinna, sama form. . .“ (bls. 12).

Þrátt fyrir tengslin til austurs lagðist miðaldamykríð um síðir einnig yfir Norðurlönd vegna þunglamalegra kenninga kaþólsku kirkjunnar. Ísland var aftur á móti það fjarlægst þessu valdi að áhrif þess urðu ekki eins lamandi. Telja margir þetta meðal orsaka þess hversvegna norrænar bókmenntir náðu að blómgast á Íslandi. Í ritgerð um íslenska myndlist, í fyrrnefndri bók, dregur Halldór Laxness saman dæmi úr



*Ömurleg finnsk skrifstofusamstæða úr álprófilum og norskur stóll úr borðum komnum beint úr þykktarheflinum.*




*Hér á landi sem víða annarsstaðar voru húsgögn oft með skrauti og fallettri, liststerkri skrautmálningu. -Þessi skápur er frá árinu 1865.*

fornsöggunum og úr ummælum fræðimanna, til stuðnings þeirri skoðun að myndlistin hafi á líkan hátt staðið framur hér á landi en á Norðurlöndum. Hann segir til dæmis: „ . . . jafn varfærinn fræðimaður og Halldór Hermannsson (hikar. .) ekki við að láta þá skoðun í ljós að íslensk málalagist hafi, samkvæmt þeim vitnisburði sem hún gefur um sig í lýsingu og smámynd, staðið hærra á Íslandi á 13. öld til 15. aldar en annarsstaðar á Norðurlöndunum. . .“ (bls. 119).

Til sönnunar þess að viðhafnarsalir voru, a.m.k. stundum, veglega skreyttir tekur Halldór lýsingu Laxdælu á veislusal Ólafs pá í Hjarðarholti: „Vorur þar markaðar ágætlegar sögur á þilviðum og svo á ræfrinu; var það svo vel smíðað að þá þótti miklu skrautlegra er ekki voru tjöldin uppi. . .“

Svo vel vill til að lýsing á þessum skreytingum er til í kvæðinu Húsdrápa eftir Úlf Uggason (frá um árið 1000). Halldór lýsir myndrænni hlið kvæðisins svo: „ . . . af litum greinir Úlfur aðeins hina björtu. . . Hann talar um „fránt“ og „fránleitt“, sem þýðir glitrandi, sömuleiðis „fagurt“, sem þýðir bjart og „golli byrstan börg“ Freys, það er göltur með gullburstir.“ (bls. 117).



Markúsarkirkjan í Feneyjum hefur mjög skýr býzönsk einkenni, sérstaklega að innan. -Höfuðkirkju býzanska stílsins, Soffiu kirkjunni í Istanbul (sem hét áður Býzans), er aftur á móti nokkuð búið að breyta í íslamska átt.

Annað dæmi um myndskreytingu húsa innanstokks á fyrri tíð á Íslandi var rannsakað rækilega af Selmu heitinni Jónsdóttur. Sýndi hún fram á, í doktorsriti sínu, að útskornar veggfjalir, sem varðveittar eru í Þjóðmynjasafninu, séu hluti úr stórra útskorinni veggmynd í býzönskum stíl. Svona stór mynd hefði tæpast orðið til nema vegna töluverðra áhrifa frá grísk-kaþólska menningarssvæðinu.

Þessi dæmi, svo og skápar, kistlar og stólar í Þjóðmynjasafninu sýna okkur að skreytilistin hefur jafnan verið samofinn þáttur í hönnun húsa, húsgagna og

klæðnaðar á Íslandi. Þannig hefur þetta líka verið hjá flestum öðrum þjóðum. Það villir um fyrir mörgum að gamlir munir og klæði hafa upplitast og vegna þessa misskilnings hafa muskulegir litir verið upphafnir. Dýrkun hvíta litarins í nútíma arkitektúr sprettur af álíka misskilningi, því hvítu hofin grísku voru í upphafi alls ekki bara hvítur og nakinn steinninn heldur hefur verið uppgötvað á seinni tímum að þau voru máluð í öllum regnbogans litum.

Þriðja dæmið um dauflega litatísku í nútímanum byggist á þeim misskilningi að móbrúnu



Skrautið sem prýddi flest betri hús áður á Íslandi hefur varðveist í nokkrum litlum sveitakirkjum. Skrauti og bekkjum var aftur á móti hent út úr t.d. Bessastaðakirkju og Fríkirkjunni þar sem sett voru stálrörahúsgögn í staðinn.

litaskalarnir á gömlum málverkum, séu upprunalegir. Hreinsanir -t.d. á myndum Rembrants- hafa leitt í ljós að undir óhreinindum og gulum fernis, leynist fjörugt og kraftmikið litaspil.

Með fyrri heimstýrjöldinni varð mikil umbreyting í átt til skraut- og litleysis í Evrópu. Sérstaklega var það Norður-Evrópa (frostbeltið) sem var gripin af listfræðilegri sem og þjóðfélagslegri meinlætastefnu. Suðurálfumenn voru sem fyrr nokkru lífsglaðari og litglaðari.

Þjóðverjar urðu til að móta stefnuna í arkitektúr og húsmunagerð öðrum fremur (Bauhaus o.fl.). Slæm útkoma þeirra í fyrri stríði leiddi til þess að þeir áttu venju fremur erfitt með að sýna af sér gáska og lífsgleði. Hönnunarstíllinn sem þeir þróuðu varð því æði meinlætalegur; skrautlaus og litlaus. Þetta gerdist nú tíska í Evrópu og víðar og má um það segja að „auðlærð er ill Danska“.

Á sektarkennd þjóðverja var svo enn hnikkt í seinna stríði og hófu

þeir því að höggva skraut af jafnvel fegurstu byggingum og mála þær gráar eða hvítar. Nú er mikilli orku og fjármunum eytt í að koma skrautinu aftur á og mála í fallegum litum.

Auk þjóðverjanna var Corbusier mikill áhrifamaður. Hjá honum þurfti ekki ytri aðstæður til að leggjast í meinlæti. Það kemur vart á óvart að eina byggingin eftir hann sem heppnaðist útfra starfrænu sjónarmiði var klaustur og sjálfur vann hann lengstum í lítilli kompu, sem minnti á kalkaða gróf.

Skandinavarnir auk þjóðverja eru þær þjóðir sem haldið hafa hvað fastast í þennan vélræna, einhæfislega og kalda hönnunarstíl, enda eru þeir sérstaklega stírbusalegt og húmorslaust fólk (Danir eru að sumu leiti undantekning).


Gleðin hefur á Norðurlöndum víða svo slæmt orð á sér að henni hafa verið valin í orðfari óskemmtilegar líkingar. Í sænsku þýðir t.d. „skratta“ að hlæja og á

hliðstæðan hátt er máltækið „að skemmta skrattanum“ á íslensku haft yfir að hlæja eða gera að gamni sínu.

Ég tel að við Íslendingar þurfum ekki að falla inni þennan gleðisnaða hóp, því ég held að Íslendingar séu að eðlisfari meiri skap- og gleðimenn en Skandinavarnir. Kemur þar til, hygg ég, meiri skyldleiki við Kelta og Frakka en þekkest í Skandinavíu og Þýskalandi.

Skandinavísk áhrif eru því miður of leiðandi í menntun á Íslandi. Þannig er t.d. boðuð skandinavísk sýn með bókinni Heimslist-heimalist, eftir Broby-Johansen í Myndlistarskólanum. Í kaflanum um býzanska list er t.d. hneykslast á skreytilist: „Listin, sem flæmd hafði verið frá túlkun mannslíkamans til ytri umbúnaðar hans, varð nú að myndlausu flúri.“ (bls. 89).

Um þessa listsýn hafði Halldór Laxness þessi orð í myndlistarritgerð sinni: „Náttúrustefnan ann því mjög að




ímynda sér djúp staðfest milli þessa tvenns (listar og skrautlistar). Ef náttúralistar hefðu ekki tvo mælikvarða yrðu þeir að dæma mestalla list heimsins ógilda, svokallaða skrautlist afsaka þeir sem annars flokks list sem eigi sæti á óæðri bekk.“ (bls. 128)

Johansen finnst það stinga í stúf að máríska (býzanska) turnlagið sé vinsælt í byggingum skemmtistaða eins og í Tívoli og þýðanda bókarinnar Birni Th. Björnssyni er mikið í mun að bæta inn dæmi úr Reykjavík: „Í Reykjavík eru einnig dæmin svo sem „Næpan“ á Landshöfðingjahúsinu, sem trónir yfir sjálfu Menntamálaráði Íslands!“ (bls.98).

Ég held okkur væri hollt að líta frekar meira til hinna jarphærðu frænda okkar á Bretlandseyjum og á Frakklandi. Pólitík og menningarpólitík á þessari öld hefur lítið sinnt þessum skyldleika og nú er stöðugt meira reynt að mjaka okkur inná hið Skandinavíska áhrifasvæði.

Hönnunarsamkeppnir, sem ná út fyrir hólmann, eru t.d. nær alltaf takmarkaðar við Norðurlönd. Þetta hefur aukið áhrif líflaus Skandinavísku arkitektúrs og lífssýnar á Íslandi.


Ferskir straumar, líf og litir, gætu aftur á móti fengist með að opna samkeppnirnar til suðrænni Evrópulanda og svo til Ameríku.



Höfundurinn er arkitekt. Hann lauk doktorsprófi í hönnunarfræðum frá Berkeley háskóla í Kaliforníu síðastliðið vor.



Látúnskúla úr íslenskum söðulreiða. Á kúlunni eru Rómanskir lauteinungar og áttskiptar gotneskar blómkrónur. Vængirnir eru skreyttir bandfléttum Víkinga.



Kistill eftir Bólu-Hjálmar. Skrautlistin varðveittist lengst í nytjamunum og er Hjálmar með síðustu skurðmeisturum í hinni aldagömlu íslensku hefð.